

Lögboðin ökutækjatrýgging

Upplýsingaskjal um vátýggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 500 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. vátýggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennir skilmálar](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Lögboðin ökutækjatrýgging samanstendur af ábyrgðartryggingu ökutækis, slysatryggingu ökumanns og eiganda. Þá er hægt að innifela bílrúðutryggingu, sem er valkvæð.



Hvað er bætt?

Ábyrgðartrygging ökutækja greiðir bætur vegna:

- ✓ Tjóns sem þú veldur öðrum með notkun ökutækisins. Það á bæði við um líkams- og eignatjón.

Slysatrygging ökumanns og eiganda greiðir bætur vegna:

- ✓ Líkamstjóns ökumanns sem veldur tjóni við stjórn ökutækisins og einnig vegna slyss eiganda ökutækisins ef hann slasast sem farþegi.

Bílrúðutrygging (valkvæð trygging) greiðir bætur vegna:

- ✓ Brota á rúðum ökutækisins.



Hvað er ekki bætt?

Ábyrgðartrygging ökutækja bætir ekki:

- × Skemmdir á því ökutæki sem veldur tjóninu.
- × Tjón á eignum þess tryggða, nema að það sé tjón á annarri bifreið.

Slysatrygging ökumanns og eiganda greiðir ekki bætur vegna:

- × Tjóns sem valdið er af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi.

Bílrúðutrygging bætir ekki:

- × Rispur í rúðu.
- × Tjón á topplúgum úr gleri.
- × Tjón á rúðu við úrtöku eða ísetningu.



Eru einhverjar takmarkanir á tryggingunni?

- ! Ef ökumaður ökutækisins hefur ekki réttindi til að aka því getur Sjóvá endurkrafið hann eða eiganda ökutækisins valdi það tjóni.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Sviss.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á vátýggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum, t.d. þeirri að sjá til þess að ökutækið sé fært til lögbundinnar skoðunar og viðhald þess sé eðlilegt.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.
- Með uppsögninni þarf að fylgja staðfesting frá öðru tryggingarfélagi um að lögboðin ökutækjategygging hafi tekið gildi þar.